



Reykjavík, 28. apríl 2021

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, þingskjal 1113, 646.mál, 151. löggjafarþings 2020 - 2021.

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis, dags. 15. apríl 2021, þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint mál.

Biskup Íslands styður heils hugar þá breytingu, sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins, að afnema undanþágu í 2. ml. 7. gr. nágildandi hjúskaparlaga, sem heimilar einstaklingum yngri en 18 ára að ganga í hjúskap. Tilgangurinn er enda sá, eins og segir í greinargerð með frumvarpinu, að samræma hjúskaparlögin alþjóðlegum tilmælum og viðhorfum varðandi lágmarksaldur til þess að ganga í hjúskap.

Lagt er til í 4. gr. frumvarpsins að öll útgáfa könnunarvottorða verði færð til sýslumanna frá prestum þjóðkirkjunnar og trú- og lífsskoðunarfélögum. Jafnframt kemur fram í 8. gr. frumvarpsins að fela megi einu sýslumannsembætti verkefnið. Í þessu sambandi skal eftirfarandi tekið fram:

Þjóðkirkjan heldur úti þéttriðnu þjónustuneti um allt land m.a. með nærþjónustu presta í þéttbýli og dreifbýli. Aðgangur að þjónustu presta þjóðkirkjunnar, ekki síst í dreifbýli, er því almennt mjög greiður. Verði útgáfa könnunarvottorða færð til embætta sýslumanna, hvað þá eins sýslumannsembættis, er ljóst að þjónustan verður eðli málsins samkvæmt fjarlægari og ópersónulegri mörgum hjónaefnum en er í dag.

Í greinargerð með frumvarpinu segir um þetta atriði að gert sé ráð fyrir að jafnframt verði lögð áhersla á að einfalda ferlið með rafrænum lausnum. Enn fremur segir að gildistaka þessarar tilteknu breytingar sem lögð er til í 4. gr. verði 1. janúar 2022, en löggin öðlist að öðru leyti þegar gildi.

Virðist sem nokkuð skorti á að skýrlega sé í ljós leitt, hvernig þjónustu við hjónanefni um land allt verði raunverulega háttáð, vegna útgáfu könnunarvottorða. Telja verður mikilvægt að slíkt sé gert ljóst, áður en svo veigamikil breyting verður lögleidd, sem 4. gr. frumvarpsins felur í sér.

Virðingarfyllst, f.h. biskups Íslands

Guðmundur Þór Guðmundsson
Skrifstofustjóri Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu